Sagan af ráðsnýlli Jarps. 3.
1 blað qto.

# Dýrasögur.

Jarpur var góðhestur hinn mesti. Oftast var hann að snudda heima við bæinn og líta þar í hauginn á dunn, er hann hugði að geyma mundi eitt-hvað það er þangað hafði verið fleygt og fiskætiskennt, t. d. hausar, slóg og hryggir; soð af fiski þótti honum matarbezt og gekk vand þess vel, að hann náði eigi í fiskhlaða á görðunum, er hlaðið var þar til þerris meðan harðfiskurinn var notaður meira en nú til manneldis og útflutnings.

Baðstofan var byggð þannig, að gaflhlaðið var úr sniddutorfi og stóðu endar þess allhangt fram fyrir gluggann til beggja hliða, svo, að skot nokkurt varð framundan glugganum. Þangað lét húsmóðirin stundum ýmis konar mat til þess að kæla hann, m. a. soðinn fisk í keraldi sínu með loki yfir. Lokið var með hálbu sem taka mátti af keraldinu og láta á það aftur, þegar þurfa þótti.

Einhverju sinni hafði húsmóðirin látið keraldi sitt út í gluggatóftina og var Jarpur þar eigi fjarri og gaf hann því auga sem konan var að gera. Þegar hún var farin inn í bæinn aftur, fer Jarpur að athuga keraldið, finnur að það an leggur lykt svo góða, að honum virðist ástæða til að athuga það nánar. Með snoppu sinni nær hann lokinu af keraldinu og leggur hann það kyrfilega af sér til hliðar við keraldið og gerir sér gott af því, sem það hafði að geyma og smakkaðist honum það ágætlega. Gera mátti nú ráð fyrir að Jarpur léti þar við sitja og gerði eigi meira að, en svo var þó eigi, því þegar hann þóttist hafa fengið nægju sína, fer hann að fikra við keralds-lokið og nær hann sömu tökum á því sem áður, er hann tók það af og leggur hann nú lokið á keraldið aftur og í sömu skorður sem það var áður! Labbaði hann svo á brott og hafði farið góða för. —

Sannorður vinur minn hefir sagt mér sögu þessa eftir sjónarvotti er viðstaddur var og sá það með eigin augum, er Jarpur hafðist að. Vegna dálætis á dýri þessu vildi sjónarvotturinn eigi hrekkja það og þótti mest um vert, að Jarpur skyldi vera svo ráðsnjall, að láta lokið í keraldið aftur.

Er saga þessi ein sönnun þess, hversu dýrin — og þá eigi sízt hestarnir — eru vitur og ráðsnjallir.

Þorláksson.